

# SKATTUR Á MENN

## Einstaklingskattaréttur

Lokaorð námskeiðsins

Hvað höfum við gert?

Hvað höfum við lært?

Ásmundur G. Vilhjálmsson

# Lög og glærur

- Við höfum farið yfir megin hluta laga um tekjuskatt, tryggingagjald og virðisaukaskatt
- Fjallað hefur verið um tekjur og gjöld manna bæði sem persóna og smá atvinnurekenda
- Tekjuskattstofn þessara aðila hefur verið gerður upp og talið fram fyrir karl og konu sem einstaklinga og aðila í atvinnurekstri

# Tryggingagjald og vskur

- Lög um tekjuskatt eru að nokkru leiti hornsteinn annarra skattalaga. Umrædd lög byggja nefnilega að miklu leyti á þeim
- Þetta gildir bæði um lög um tryggingagjald og vsk. Tryggingagjald reiknast af launum og launahugtakið sem þar reynir á er ættað úr tekjuskattinum
- Eins er þessu farið um vsk. Til grundvallar honum liggur sala á vörum og þjónustu í **atvinnuskyni**
- Hlutaðeigandi verður semsé að stunda atvinnurekstur til að vera skattskyldur og atvinnurekstrarhugtakið sem þarna reynir á er það sama og í tekjuskattinum

# Námefnið

- Námefnið byggist á lögum og glærum svo og raunhæfum dæmum
- Lögð hefur verið ríkulega áhersla á að náms-menn lesi lögin með hliðsjón af glærunum
- Í því sambandi hefur verið úr nógu að moða þar sem farið hefur verið yfir um 1.100 glærur, hvorki meira né minna
- Nemendum hefur ekki verið sett fyrir ákveðið lesefni. Hins vegar hefur verið bent á **HVAR** þeir gætu nálgast það ef áhugi er fyrir hendi

# Upphaf og endir

- Í upphafi námskeiðsins var ykkur sýnt próf og sagt að þannig mynduð þið verða prófuð
- Á námskeiðinu hafið svo þið verið þjálfuð í því að svara **einstökum spurningum** úr prófinu
- Í lokin var þetta svo ítrekað með yfirferð á prófi og verklegum æfingum
- Vegna þessa ættuð þið að vera tilbúin að taka prófið

# Að síðustu ...

- ... þakka ég fyrir mig og óska ykkur góðs gengis í prófinu
- Munið að skattaréttur er skemmtilegur. Góður skattamaður/kona fær alltaf vinnu hvernig svo sem árar í þjóðfélaginu
- Síðast en ekki síst vil ég minna ykkur á **kennslu-könnunina**. Ef þið hafið lært eitthvað vil ég að þið minnist á það en ef þið teljið að tíma ykkar hafi verið illa varið skuluð þig vera óhrædd að geta þess ...

# Takk fyrir mig

